


Drög að vöktunaráætlun 2016 – 2019 fyrir sjókvíaeldi Háafells ehf. í Ísafjarðardjúpi

Staðsetning eldissvæða

Á myndinni hér að neðan er yfirlit fyrir núverandi eldissvæði Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf. (HG) í Álftafirði og Seyðisfirði, merkt A-F og fyrirhuguð eldissvæði.

Nú er eingöngu eldisfiskur á eldissvæði A í Álftafirði. Sýnatökur verða teknar af öllum eldissvæðum sem eru í notkun á vöktunartímabilinu 2016-2019.



Tíðni sýnatöku

- Tíðni botnsýnatöku skv. staðlinum ISO 12878:2012 Environmental monitoring of the impacts from marine finfish farms on soft bottom. Miðað er við að taka sýni áður en seiði eru sett í sjókvíar og þegar lokið er við slátrun á fiski á viðkomandi svæði. Í staðlinum eru ákvæði um tíðari sýnatökur og einnig sjaldnar en hér er gert ráð fyrir og miðast það við áhrif eldisins á botndýralíf.
- Neðansjávarmyndir undir eldiskvíum verða teknar einu sinn hjá hverri kynslóð.
- Sjósýni skulu tekin að vetri til, í fyrsta sinn árið 2016 og síðan á þriggja ára fresti.

Frankvæmdaaðili

Sýnataka er framkvæmd af Náttúrustofu Vestfjarða skv. vöktunarsamningi í samráði stjórnendur Háafells ehf.

Sýnataka

- a. Framkvæmd botnsýnatöku fer fram skv. staðlinum ISO 12878:2012 Environmental monitoring of the impacts from marine finfish farms on soft bottom. Fyrir hverja kví eða kvíaþyrpingu eru settar út þrjár sýnatökustöðvar: ein við kví, önnur hlé megin við aðal straumstefnu, um 30 m frá kvíaþyrpingu og þriðja í um 100 m fjarlægð. Ein viðmiðunarstöð er staðsett vel utan við áhrifasvæðið, í 500-2000 metra fjarlægð með samsvarandi botngerð og dýpi eins og er á eldissvæðinu. Á hverri sýnatökustöð eru tekin tvö botnsýni.
- b. Neðansjávarmyndir verða teknar undir öllum eldiskvíum sem eru í notkun eða hafa verið í notkun.
- c. Mælingar á sjó: Mælingar í sjó miðast við mælingar á næringarefnum; ammóníak, nítrít, nítrat og fosfat. Miða skal við eina stöð við kvíarnar, tvær stöðvar í um 50 m fjarlægð frá kvíunum og eina stöð sem er nægilega fjarri til þess að áhrifa fóðrunar gæti ekki þar (viðmiðunarstöð). Stöðvarnar í um 50 m fjarlægð frá kvíunum skulu staðsettar þannig að önnur sé ofan við kvíarnar m.v. straumstefnu, en hin undan straumi.

Viðmið

Viðmiðanir í starfsleyfi eru gefnar út af Umhverfisstofnun ásamt öðrum leiðbeiningum gefnum út af stofnuninni.

Vöktunarskýrsla

Skýrsla með niðurstöðum verðurunnin af Náttúrustofu Vestfjarða sem sendar verða til Umhverfisstofnunar.